Reykjavík

Frístundaheimilið Úlfabyggð

Starfsáætlun 2026-2027



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:
Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

LÁTUM DRAUMANA RÆTAST

Efnisyfirlit:

Inngangur 3
Innra mat 3
Umbótaáætlun 4
Áherslur starfsársins 5
Dagskrá starfsársins: 5
- Ágúst 5
- September 5
- Október 5
- Nóvember 6
- Desember 6
- Janúar 6
- Febrúar 6
- Mars 6
- Apríl 6
- Maí 6
- Júní 7
- Júlí 7

Inngangur

Í þessari starfsáætlun er fjallað um innra mat frístundaheimilisins Úlfabyggðar í Dalskóla auk þess sem tilgreindir eru viðburðir og dagsetningar í hverjum mánuði sem skiptir máli í starfinu.

Markmið með innra mati er að efla árangur og gæði frístundastarfs. Metið er út frá gæðaviðmiðum Reykjavíkurborgar um frístundastarf og hlutverk frístundaheimila frá Mennta- og barnamálaráðuneytinu. Þar sem vísbendingar þykja framúrskarandi eða mjög góðar eru þær taldar til styrkleika en vísbendingar sem fá einkunnina ábótavant eða óviðunandi fara í umbótaáætlun. Niðurstöður viðhorfskannana eru ávallt rýndar í innra mati.

Innra mat

Styrkleikar og tækifæri eru byggð á niðurstöðum úr innra mati síðasta árs og unnin út frá matsblöðum fyrir áhersluþætti innra mats.

Styrkleikar (vísbendingar sem fá A)

- Í frístundastarfinu er hlúð að börnum í samræmi við þarfir og þroska hvers og eins svo börnin fái notið bernsku sinnar.
- Skilaboð til barnanna og mikilvægar upplýsingar eru myndrænar og sýnilegar í þeirra hæð.
- Starfsumhverfi er án aðgreiningar og einkennist af hlýju, öryggi og virðingu.
- Boðið er upp á frjálsan leik og skipulagt hópastarf í almennu starfi.
- Dagskipulag er endurmetið reglulega út frá þörfum barnanna. Verkaskipting og ábyrgð starfsfólks í daglegu starfi er skýr og öllum ljós.
- Markvisst samstarf er við foreldra, aðra samstarfsaðila og gott upplýsingaflæði um starfsemina.
- Tekið er á móti börnum og þau kvödd með skipulögðum hætti, þannig að ljóst sé hve mörg börn eru á frístundheimilinu hverju sinni.
- Skipulag húsnæðis og útileiksvæðis gerir ráð fyrir ólíkum viðfangsefnum barna og börnum eru tryggð jöfn tækifæri þegar kemur að vali.
- Úrval af efniviði og búnaði er til staðar sem höfðar til mismunandi áhugasviðs barna og mætir þörfum þeirra óháð aldri og þroska.

Tækifæri (vísbendingar sem fá C eða D)

- Börnin eru virkir þátttakendur og hafa jöfn tækifæri til að hafa áhrif á starfið og aðstæður. Lýðræðisleg vinnubrögð eru hluti af reglulegu starfi.

Umbótaáætlun

Heiti aðgerðar: Efla barnalýðræðið í starfinu og lýðræðisleg vinnubrögð barnanna.	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Börnin eru virkir þátttakendur og hafa jöfn tækifæri til að hafa áhrif á starfið og aðstæður. Lýðræðisleg vinnubrögð eru hluti af reglulegu starfi.
Tækifæri til umbóta.	Ekkert innra mat átti sér stað á síðasta skólaári.
Aðgerðir til umbóta.	• Reglulegir barnaráðsfundir. • Hugmyndakassi þar sem börnin geta komið hugmyndum og óskum á framfæri. • Kosningar meðal barnanna um ýmis málefni, svo sem val á síðdegishressingu og hvaða leikföng, leikefni eða annan búnað þau vilja að verði keyptur fyrir Úlfabyggð. • Börnin fái tækifæri til að hafa áhrif á dagskrá, viðburði og annað sem tengist daglegu starfi Úlfabyggðar.
Ábyrgð.	Ragnheiður Erna forstöðukona og Una Salvör aðstoðarforstöðukona.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Hefst í nóvember 2026 og lýkur í maí 2027.
Hvenær og hvernig á að endurmeta?	Á starfsmannafundi verður farið yfir þær aðgerðir sem ráðist hefur verið í til að efla barnalýðræði í Úlfabyggð. Rýnt verður í hvað hefur gengið vel, hverju við höfum áorkað og hvaða tækifæri eru til úrbóta. Jafnframt verður rætt hvað við getum gert betur eða með öðrum hætti til að tryggja enn frekari áhrif og þátttöku barnanna í starfinu.
Viðmið um árangur.	Með markvissum samtölum við einstök börn og barnahóp verður kannað hvort börnin upplifi almennt að rödd þeirra fái að heyrast og að þau hafi raunveruleg áhrif á starfið í Úlfabyggð. Einnig verður kallað eftir hugmyndum þeirra um hvað betur megi fara og hvað þau vilja sjá meira af.

Áherslur starfsársins

1. Barnalýðræði og áhrif barna

Í vetur verður lögð áhersla á að efla barnalýðræði í fjölbreyttum myndum, líkt og kemur fram í aðgerðaáætluninni. Markmiðið er að raddir barnanna fái meira vægi, að þau fái raunveruleg tækifæri til að koma skoðunum sínum og hugmyndum á framfæri og upplifi að þau hafi áhrif á starf og skipulag Úlfabyggðar.

2. Virk þátttaka allra barna

Lögð verður sérstök áhersla á að styðja við og auka þátttöku barna sem þurfa á sértækum stuðningi að halda í klúbba- og smiðjustarfi Úlfabyggðar. Mikilvægt er að öll börn fái tækifæri til að taka virkan þátt í starfinu út frá eigin forsendum. Þessi áhersla endurspeglast jafnframt í einstaklingsáætlunum allra þeirra barna sem um ræðir.

3. Myndræn upplýsingagjöf og miðlun

Áhersla verður lögð á að hafa upplýsingar, skilaboð, dagskrár og annað efni sem tengist daglegu starfi og þátttöku barnanna myndrænt og aðgengilegt. Með því viljum við stuðla að auknum skilningi, fyrirsjáanleika og sjálfstæði barnanna í daglegu starfi.

Dagskrá starfsársins:

Ágúst

20. ágúst: Síðasti dagurinn í sumarfrístund
21. ágúst: Starfsdagur Úlfabyggðar
24. ágúst: Starfsdagur Úlfabyggðar og skólasetning í Dalskóla
25. ágúst: Fyrsti dagurinn í vetrarfrístund

September

7. september: Fyrsta mánaðardagskrá Úlfabyggðar gefin út. Hengd upp í Úlfabyggð og sett á Instagram-reikning Úlfabyggðar. Á henni kemur fram hvaða klúbbar- og smiðjur verða í boði á hvaða dögum o.s.frv. í september.
8. september: Foreldrafundur, fræðsla og kynning á starfi skólans og Úlfabyggðar fyrir alla foreldra barna í 1. bekk.
15. september: Hringekjustarf 1. bekkjar, 5 ára leikskóladeildar Dalskóla og Úlfabyggðar byrjar. Er alla þriðjudaga frá kl. 12:20-13:30. Þetta er samstarfsverkefni grunnskólans, leikskólans og Úlfabyggðar og hefur verið starfrækt frá því að Dalskóli var stofnaður árið 2010.
22. september: Starfsmannafundur. Nýliðafræðsla og fleira.
29. september: Skertur skóladagur. Tökum á móti börnunum kl.13:00.
30. september: Lengd viðvera (starfsdagur í Dalskóla)

Október

1. október: Októberdagskráin gefin út. Hengd upp í Úlfabyggð og sett á Instagram-reikning Úlfabyggðar
5. október: 3. & 4. bekkjarklúbbastarfið hefst. Klúbburinn er á dagskrá í annarri hverri viku.
21. október: Bleikur dagur. Boðið upp á bleikan djús í síðdegishressingu og föndur tengt bleiku slaufunni í boði fyrir börnin.
22., 23. og 26. október: Vetrarfrí. Allt starfsfólk í fríi - var búið að vinna upp.
29. október: Starfsmannafundur/hópefli. Árleg keilukeppni Úlfabyggðar.

Nóvember
Starfsþróunarsamtöl fyrir starfsfólk Úlfabyggðar
2. nóvember: Nóvemberdagskrá Úlfabyggðar gefin út. Hengd upp í Úlfabyggð og sett á Instagram-reikning Úlfabyggðar.
5. nóvember: Lengd viðvera (námsviðtalsdagur).
9. nóvember: Dagur gegn einelti. Vináttuverkefni í Úlfabyggð þennan dag.
27. nóvember: Lengd viðvera (starfsdagur í Dalskóla).
30. nóvember: Starfsmannafundur.

Desember
Starfsþróunarsamtöl fyrir starfsfólk Úlfabyggðar
1. desember: Desemberdagskrá Úlfabyggðar gefin út. Hengd upp í Úlfabyggð og sett á Instagram-reikning Úlfabyggðar.
18. desember: Skertur skóladagur vegna jólaballs. Tökum líklega á móti börnunum um kl.13.
21. desember: Lengd viðvera
22. desember: Lengd viðvera
23. desember: Lengd viðvera
28. desember: Lengd viðvera
29. desember: Lengd viðvera
30. desember: Lengd viðvera

Janúar
4. janúar: Lengd viðvera
5. janúar: Janúardagskrá Úlfabyggðar gefin út. Hengd upp í Úlfabyggð og sett á Instagram-reikning Úlfabyggðar.
Vikan 18.-22. janúar: Starfsmannafundur. Fræðsla frá ráðgjafaþroskaþjálfum varðandi ADHD, einhverfu og fleira.
Vikan 25.-29. janúar: Þemavika í Úlfabyggð.

Febrúar
1. febrúar: Febrúardagskrá Úlfabyggðar gefin út. Hengd upp í Úlfabyggð og sett á Instagram-reikning Úlfabyggðar.
5. febrúar: Lengd viðvera (starfsdagur)
8. febrúar: Bolludagur
9. febrúar: Sprengidagur
10. febrúar: Öskudagur. Skertur skóladagur. Tökum líklega á móti börnunum um kl.13.
Vikan 15.-19. febrúar: Starfsmannafundur. Endurmat á umbótaáætlun.
22. og 23. febrúar: Vetrarfrí. Annar vetrarfrídagurinn hugsanlega nýttur í fræðslu fyrir starfsfólk.

Mars
Starfsmannasamtöl fyrir starfsfólk Úlfabyggðar
1. mars: Marsdagskrá Úlfabyggðar gefin út. Hengd upp í Úlfabyggð og sett á Instagram-reikning Úlfabyggðar.
3. mars: Lengd viðvera (námsviðtalsdagur)
Vikan 8.-12. mars: Þemavika í Úlfabyggð.
Vikan 15.-19. mars: Starfsmannafundur
22. mars: Lengd viðvera
23. mars: Lengd viðvera
24. mars: Lengd viðvera

Apríl
1. apríl: Apríldagskrá Úlfabyggðar gefin út. Hengd upp í Úlfabyggð og sett á Instagram-reikning Úlfabyggðar.
27. apríl: Menntastefnumót. Lokað í Úlfabyggð.

Maí
3. maí: Maí- og júnídagskrá Úlfabyggðar gefin út. Hengd upp í Úlfabyggð og sett á Instagram-reikning Úlfabyggðar.
7. maí: Lengd viðvera (starfsdagur)

3.-7. maí: Þemavika í Úlfabyggð
Hringekjustarfi 1. bekkjar, 5 ára leikskóladeildar og Úlfabyggðar lýkur í maí.

Júní

9. júní: Síðasti dagurinn í vetrarfrístund
10. júní: Starfsdagur Úlfabyggðar og skólaslit í Dalskóla
11. júní: Starfsdagur Úlfabyggðar
14. júní: Fyrsti dagurinn í sumarfrístund

Júlí

9. júlí: Síðasti dagurinn í sumarfrístund fyrir sumarfrí (óstaðfest)